

Dags eftirlits	25.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Terra Umhverfissþjónusta hf. (efnaeyðing)	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Berghellu 1	Tegund eftirlits	Skrifborðseftirlit
Kennitala	410283-0349	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Grétar Viðar Grétarsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	363053,302 408634,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við skrifborðseftirlitið komu fram þrjú frávík frá starfsleyfi sem varða skil á umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi), framkvæmd vöktunarmælinga og skorts á skráðu verklagi með mengunarvarnabúnaði. Rekstraraðili hefur brugðist við öllum frávikum og gert úrbætur. Ein ábending var sett fram vegna þarfar á að styrkja verklag um skipulag, skýrslugerð og reglubundnar mælingar.

UMFANG EFTIRLITS

1. Staða frá síðasta eftirliti

Engin opin frávík eru útistandandi frá fyrri eftirlitum, en sömu atriði og komu fram árið 2023 eru nú endurtekin, þ.e. seinkun eða vanræksla á umhverfisupplýsinga (græns bókhalds) og vöktunarmælinga. Terra þarf að tryggja að þessar skyldur starfsleyfis séu uppfylltar til að koma í veg fyrir endurtekin frávík.

2. Skil samkvæmt starfsleyfi

Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir árið 2024 var skilað seint, sem telst frávík frá gr. 4.4 í starfsleyfi. Gögnin bárust Umhverfis- og orkustofnun þann 7. nóvember 2025.

Við yfirferð gagna kom jafnframt fram að engin skráðar verklagsreglur liggja fyrir um viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði (frávík frá gr. 2.9 í starfsleyfi). Rekstraraðili hefur brugðist við og komið sér upp verklagi. Frávíki er lokið.

3. Vöktunarmælingar

Samkvæmt starfsleyfi ber rekstraraðila að framkvæma árlegar vöktunarmælingar á frárennslisvatni við úttak olíuskilju og tryggja að niðurstöður séu innan losunarmarka fyrir helstu mengandi efni, þar á meðal svifagnir, efnafræðilega súrefnisþörf (COD), olíu og fitu, pH og ákveðna þungmálma. Mælingar fyrir árið 2024 bárust seint þann 13. október 2025, en allar niðurstöður voru innan marka starfsleyfis. Þar sem aðeins liggur fyrir ein mæling endurspeglar niðurstöðurnar þó ekki endilega árlega heildarstöðu.

4. Áætlanir og viðbrögð

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu sem tekur til mengunartjóns og viðbragðsáætlun sem gildir fyrir allar starfstöðvar Terra. Fyrirtækið er með vottun samkvæmt ISO 14001 og ISO 9001 sem styður við skipulagt verklag og stöðugar umbætur.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
gr. 4.4 í starfsleyfi	Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir árið 2024 var skilað seint. Gögnin bárust umhverfis- og orkustofnun þann 7. nóvember 2025. Frávíki er lokið.
gr. 4.2 í starfsleyfi	Vöktunarmælingum var ekki skilað innan tilskilins frests (fyrir 1. okt). Gögnin bárust Umhverfis- og orkustofnun þann 13. október 2025. Frávíki er lokið.
gr. 2.9 í starfsleyfi	Engar skráðar verklagsreglur fyrir viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði. Rekstraraðili hefur komið sér upp verklagi. Frávíki er lokið.

ÁBENDINGAR

Í framhaldi af eftirliti og samskiptum Umhverfis- og Orkustofnunar við rekstraraðila er lögð áhersla á að Terra komi sér upp skýru og samræmdu verklagi sem tryggir reglulega og rekjanlega framkvæmd í eftirfarandi þáttum:

1. Skil á umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) árlega.
2. Reglubundið viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði, svo sem sand- og olíuskiljum og söfnunarþróum.
3. Sýnatöku og vöktunarmælingar á frárennslisvatni samkvæmt starfsleyfi.

Reykjavík, 11.11.2025

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Kjartan Guðmundsson